



Atvinnuveganefnd Alþingis

*Sent með tölvupósti.*  
Reykjavík, 10. febrúar 2021

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006 (minnihlutavernd o.fl.)**

*Tilv. 202102-0004*

Vísað er til umsagnarbeiðni sem barst með tölvupósti frá nefndasviði Alþingis, dags. 26. janúar 2021, um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Sambærilegt frumvarp var lagt fram á síðasta löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Bændasamtök Íslands hafa farið yfir efni frumvarpsins eins og það liggur fyrir og gera eftirfarandi athugasemdir við einstök ákvæði.

Endurskoða þarf orðalag í 2. mgr. 2. gr. með hliðsjón af því markmiði sem stefnt er að með ákvæðinu.

Í umfjöllun um 2. gr. í frumvarpsdrögum er fjallað um heimildir og úrræði sem Fiskistofa hefur til að grípa inn í ágreining. Bent er á að engin trygging er fyrir því að Fiskistofa skili niðurstöðu eða grípi til úrræða með þeim hraða sem þörf er á. Í því sambandi er bent á dóm Landsréttar í máli nr. 119/2020, en þar er því lýst í málavöxtum að Fiskistofa hafi verið átta mánuði að komast að niðurstöðu.

Varðandi skipan matsnefndar er óljóst hvort ætlunin sé að falla frá tillögum frumvarpsins en nýverið skipaði ráðherra matsnefnd til fjögurra ára á grundvelli 44. gr. núgildandi laga.

Virðingarfyllst  
f.h. Bændasamtaka Íslands



---

Guðrún Vaka Steingrimsdóttir